



Varðar vatnsból á Raufarhöfn

**Kristján Sæmundsson,
Freysteinn Sigurðsson**

Greinargerð KS-FS-96-20

Varðar vatnsból á Raufarhöfn

Í greinargerð (KS-96/03) um verndun vatnsbóls á Raufarhöfn voru ekki skilgreind sérstaklega grannsvæði og fjarsvæði vatnsbólsins, sbr. viðauka í "Reglugerð um neysluvatn" frá 30. maí 1995.

Vatnasvið vatnsbólsins er ekki unnt að skilgreina nákvæmlega. Lindir koma upp austan og innan við það. Ókannaðar að mestu eru lindir upp með hrauninu. Því verður að hafa fyrirvara á líklegu vatnasviði. Miðað við rennsli allra lindanna gæti það verið 5-10 km², að hluta til í hrauni. Hraunið er um það bil 1 km breið tunga sem nær langt suður í heiðina. Það hefur runnið eftir og fyllt lægð. Á kafla rennur Ölduá meðfram lægðinni að vestan en Ormarsá að austan. Áður en hraunið rann hafa þær trúlega verið eitt vatnsfall suður á mótis við Héðinsstaðavatn og þá undir miðri hrauntungunni. Vatnsfall þetta hlaut að hrekjast úr farveginum, mest af því til austurs þar sem Ormarsá er nú, en vatn frá heiðinni vestur af sameinaðist í Ölduá. Lindirnar þar sem vatnsbólín eru koma fram í þrengingu milli grágrýtisholta. Þar hefur verið náttúrlegur farvegur áður en hraunið rann. Vatnið í lindunum gæti samkvæmt ofansögðu verið af fernum toga:

- 1) Úrkoma sem fellur á hraunið suður og upp frá vatnsbólínu.
- 2) Leki úr Ölduá einkum þar sem hún rennur í hrauninu.
Farvegur vatnsfalla sem renna í föstum farvegi þéttist með tímanum og dregur úr leka þar sem þau renna í gropnum jarðlögum. Leka frá Ölduá væri þá helst að vænta á kaflanum frá stíflunni að Deildarvatni.
- 3) Leki úr Deildarvatni. Þótt afrennsli úr vatninu sé til norðurs er þess að gæta að vatnið er hraunstíflað og náttúrlegur halli undir hrauninu er til suðausturs í átt að lindasvæðinu.
- 4) Leki úr Ormarsá og þá innarlega við hraunjaðarinn þ.e. frá Bláskriðu norður á mótis við Arnarþúfufoss. Sá þáttur vegur sennilega lítið á móti hinum.

Líkur eru á, að greina megi nánar uppruna lindarvatnsins með einföldum efnagreiningum og öðrum viðeigandi athugunum. Nauðsyn rekur þó ekki til þess í bráð.

Á hrauna- og sprungusvæðum eru fjarsvæðin gjarnan ákveðin í stærra lagi. Hér mætti skilgreina sem fjarsvæði hluta af vatnasviði Ölduár, hraunið vestan hennar sem og Deildarvatn (sjá kort). Lítil mengunarhætta er frá núverandi umferð og umgengni á efri hluta vatnasviðs Ormarsár, hrauntungunnar og Ölduár og því ekki ástæða til að teygja fjarsvæðið nema inn að Grasgeira.

Sem grannsvæði væri þá eðlilegt að ákveða svæðið frá vatnsbólínu upp að Deildarvatni og upp með Ölduá í hrauninu.

Landnýting á grann- og fjarsvæðunum nú og í fyrirsjáanlegri framtíð getur ekki talist varasöm fyrir vatnsbólið. Mengun af náttúrlegum orsökum, svo sem leysingaflóðunum í Ölduá og Deildarvatni, kann að vera til staðar, en mun ekki hafa komið fram í greiningum til þessa. Náttúrleg síun í hrauninu myndi og hreinsa vatnið af gruggi og að mestu af gerlum og öðrum örverum.

Kristján Sæmundsson

Freysteinn Sigurðsson